
42. Katrín Jakobsdóttir (Svar på replik)

Ég held að lykillinn að netöryggi sé einmitt sá að tæknibreytingarnar hafa verið svo hraðar að við sem erum eldri höfum í raun og veru ekki áttað okkur á þessum breytingum. Ef við erum enn að nota lykilorð sem eru bar 1,2,3,4,5 og áttum okkur ekki alveg á því heldur hvað upplýsingarnar sem við sjálfviljug setjum á netið fara víðar. Þetta snýst ekki bara um erlend ríki. Þetta snýst líka um gagnasöfnun einkafyrirtækja sem við höfum séð dæmi um á undanförunum árum. Það er algjört lykilatriði, í samvinnu norrænna ríkja sem deila þessum gildum, að efla menntun, rannsóknir og vitundavakningu um netöryggi þannig að við lærum að umgangast tæknina. Þegar tæknin kom töldum við öll að nú væri kominn nýr lýðræðisvettvangur þar sem við værum öll jöfn en við vitum að það er ekki þannig. En möguleikarnir til þess eru til staðar. En þá þurfum við að nýta menntakerfið okkar í miklu meira mæli til þess að gera fólk meðvitaðra um það t.a.m. hversu gríðarlega miklum gögnum er safnað um okkur sem einstaklinga á netinu og í hvað þau gögn eru hagnýtt.

Skandinavisk oversættelse:

Jag tror att nyckeln till cybersäkerhet är precis den att teknologin har ändrats så snabbt att vi som är lite äldre i verkligheten inte har hunnit med i svängarna. Om vi fortsätter att använda lösenord som är så enkla som 1,2,3,4,5 och inte heller är helt medvetna om hur långt information som vi frivilligt sätter ut på nätet kan spridas. Här handlar det inte bara om främmande stater. Det handlar också om data som privata företag samlar in och som vi har sett exempel på under de sista åren. Det är ytterst viktigt, i samarbetet mellan nordiska länder som delar dessa värderingar, att främja utbildning och forskning och öka medvetandet om cybersäkerhet så att vi

lär oss att [umgås med teknologin](#). Tillkomsten av den här teknologin fick oss alla att tro att vi nu hade tillgång till en ny demokratisk plattform där alla var jämlika, men vi vet att så är det inte. Möjligheterna till det finns visserligen. Men då måste vi i mycket större utsträckning använda utbildningssystemet för att öka allmänhetens medvetande om sådana saker som de enorma mängder data som samlas in på nätet om oss som individer och i vilka syften dessa data används.

Informasjon

Tale nummer

42

Type

Svar på replik

Person

[Katrín Jakobsdóttir](#)

Speaker role

Islands statsminister

Dato

30.10.18 16:10